

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 1998

Nr. 6

6

9. janúar 1998

REGLUGERÐ

um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu og dragnót eru bannaðar á svæði fyrir Suðausturlandi, sem markast af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum í 12 sjómílna mörkin utan við viðmiðunarlínu. Þaðan, vestur um að 14°26,60'V, markast svæðið af línu tólf sjómílnur utan við viðmiðunarlínu og síðan af línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

- | | |
|-----------------------------|--------------------------------|
| 1. 64°09,40'N - 14°26,60'V | 13. 63°23,40'N - 16°16,60'V |
| 2. 63°50,30'N - 14°07,80'V | 14. 63°21,80'N - 16°33,70'V |
| 3. 63°48,00'N - 14°07,20'V | 15. 63°21,40'N - 16°56,00'V |
| 4. 63°39,60'N - 14°36,30'V | 16. 63°18,70'N - 16°59,70'V |
| 5. 63°41,10'N - 14°38,20'V | 17. 63°16,80'N - 17°10,60'V |
| 6. 63°43,50'N - 14°42,40'V | 18. 63°15,00'N - 17°25,30'V |
| 7. 63°36,30'N - 14°52,40'V | 19. 63°14,50'N - 17°44,20'V |
| 8. 63°31,50'N - 15°21,70'V | 20. 63°12,70'N - 17°55,00'V |
| 9. 63°33,80'N - 15°26,30'V | 21. 63°11,90'N - 18°04,90'V |
| 10. 63°30,90'N - 15°40,80'V | 22. 63°12,80'N - 18°13,10'V |
| 11. 63°29,10'N - 15°41,30'V | 23. 63°13,35'N - 18°30,00'V |
| 12. 63°23,60'N - 16°10,00'V | og þaðan í réttvísandi norður. |

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. eru eftirgreindar veiðar heimilar á svæðinu:

- A. Veiðar með fiskivörpu, enda sé varpan búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 104, 5. febrúar 1997, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju.
- B. Veiðar með fiskivörpu þeim togbátum, sem taka vörpuna inn á síðunni, til 30. apríl 1998, enda séu vörpur þeirra búnar leggglugga.
- C. Veiðar með fiskivörpu á tímabilinu 10. janúar til 30. apríl 1998, á eftirgreindu svæði, enda séu vörpurnar búnar leggglugga:
 - Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

64°07,62'N - 15°39,00'V
63°55,30'N - 15°26,10'V
 - Að austan markast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi 170° frá Hvítungum.
 - Að utan markast svæðið af 12 sjómílum frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 79/1997.
- D. Dragnótaveiðar þeim bátum sem tilskilin leyfi hafa, enda sé dragnótin búin leggglugga.

3. gr.

Heimildir til veiða með fiskivörpu á framangreindu svæði takmarkast af ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Legggluggi, samkvæmt 2. gr., er netstykki, sem skorið er á legg og komið er fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

1. Lengd gluggans skal minnst vera 4 metrar.
2. Aftari jaðar gluggans skal vera mest 5 metrum frá pokaenda.
3. Þegar glugginn er saumaður við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festar slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
4. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum. Séu veiðar stundaðar með leggglugga skal lágmarksmöskvastærð gluggastykkisins og þar fyrir aftan vera 135 mm.

5. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 389, 19. júní 1997, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 9. janúar 1998.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Þórður Eyþórsson.